

**40. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu  
38, 17. desember 2020  
og hófst hann kl. 14:00.**

**Fundinn sátu:**

Nancy Rut Helgadóttir (NRH) , Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH) , Jenný Lára Magnadóttir (JLM) , Birna F Hannesdóttir (BFH) , Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Svanhildur Rós Guðmundsdóttir boðaði forföll.

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun 2021 - 2007024**

Tillögur að gjaldskrá fyrir Tálknafjarðarskóla og gjaldskrá fyrir Íþróttamiðstöð lagðar fram á fundinum.

*Nefndin gerir tillögu um að gjald vegna lengdrar viðveru í grunnskóla verði breytt þannig að það verði kr. 870,- pr. dag með hressingu. Þá telur nefndin að rétt sé að taka afsláttarkjör til endurskoðunar fyrir skólaárið 2021/2022.*

*Nefndin leggur til að gjaldskrá íþróttamiðstöðvar haldist óbreytt á milli ára utan að stakur tími í tækjasal og sund hækki í kr. 1.850,- og stakur tími í íþróttasal með leiðbeinanda hækki í kr. 2.000,-.*

**2. Forvarnardagurinn 2020 - 2010006**

Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Embætti landlæknis dags. 01.10.2020 varðandi forvarnardaginn 2020. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um þróun á notkun vímuefna meðal 10. bekkinga á Íslandi árin 1998-2020.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. Upplýsingagjöf skólastjóra - 1906312**

Skólastjóri lagði fram minnisblað um skólastarf síðustu vikna og fylgdi því eftir.

*Nefndin þakkar skólasstjóra góða yfirferð.*

*Nefndin fagnar velgengni Listasmiðjuverkefnisins og þeirra styrkja sem það hefur hlotið, en síðast fékkst úthlutun úr Samfélagssjóði Landsbankans. Nefndin tekur jafnframt undir vonbrigði skólastjóra með að verkefninu hafi verið neitað um styrk úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða sérstaklega í ljósi þess að verkefnið hefur hlotið stóra styrki á landsvísu, verkefnið er viðamikil barnameningarverkefni sem nær til allra barna á sunnanverðum Vestfjörðum frá 4 ára til 16 ára. Það er samstarfsverkefni milli skólanna á svæðinu annarsvegar og hins vegar skólanna og listamanna.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.**

---

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Birna F Hannedóttir (BFH)

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

---